

Fundargerð

Árið 2025, föstudaginn 2. maí kl. 09:00, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til rafræns fundar á Teams.

Fundinn sátu: Guðmundur Baldvin Guðmundsson formaður, nefndarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Friðjón Einarsson, Dan Jens Brynjarsson, Hrund Pétursdóttir, Hörður Hilmarsson og Theódóra S. Þorsteinsdóttir ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Árna Sverri Hafsteinssyni, Elmari Björnssyni og Sigrúnu Dögg Kvaran, sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð

21. mars

Lögð var fram til samþykktar fundargerð frá 21. mars 2025.

Fundargerð frá 21. mars 2025 samþykkt án athugasemda.

2. Framlög úr ríkissjóði 2024 – uppgjör

Lagt var fram til kynningar minnisblað, dags. 30. apríl 2025, vegna uppgjors framlaga úr ríkissjóði á árinu 2024 ásamt leiðréttu framlagi vegna ársins 2023. Niðurstaða ríkisreiknings 2023 á innheimtum skatttekjum ársins reyndist nokkuð lægri en sú áætlaða innheimta sem útreikningur framlags ársins 2023 var byggður á. Framlag til Jöfnunarsjóðsins fyrir árið 2023 var ofreiknað um 832.008 þús. kr. og er það leiðrétt í uppgjori ársins 2024.

3. Frumvarp um Jöfnunarsjóð

Fram kom að Eyjólfur Ármannsson innviðaráðherra mælti á Alþingi fyrir frumvarpi að nýjum heildarlögum um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga þann 28. apríl s.l. Málið er komið til umhverfis- og samgöngunefndar.

4. Framlög vegna samþættingar þjónustu í þágu barna

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 16. apríl 2025, framlög vegna samþættingar þjónustu í þágu barna.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga veitir framlag á grundvelli reglugerðar nr. 1667/2024 til að mæta kostnaði vegna samþættingar þjónustu í þágu farsældar barna. Framlög ársins 2025 nema samtals að fjárhæð 1.067.100.000 kr.

Úthlutun framlagsins er á grundvelli eftirfarandi breytna fyrir hvert og eitt sveitarfélag sem allar hafa jafnt vægi og byggja á upplýsingum frá Hagstofu Íslands:

1. Fjöldi barna 1. janúar 2024.
2. Meðaltal barna með stuðning í grunnskólum skólaárin 2020/2021, 2021/2022 og 2022/2023 og barna með stuðning í leikskólum árin 2021, 2022 og 2023.
3. Fjöldi barna á á heimilum með undir 60% af miðgildi ráðstöfunartekna árið 2023.
4. Fjöldi innflytjenda af fyrstu og annarri kynslóð 1. janúar 2024.

Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs samþykkti á fundi sínum 18. desember sl. áætluð framlög fyrir árið 2025. Þá lágu ekki fyrir endanleg gögn um fjölda barna á lágtekjuheimilum. Þau gögn liggja fyrir núna og því eru þetta endanleg framlög ársins 2025.

Að umfjöllun lokinni ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja endanlegt framlag vegna samþættingar í þjónustu við börn að fjárhæð 1.067.100.000 kr.

5. Rekstrarráðgjöf – Skagaströnd

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi frá sveitarfélaginu Skagaströnd, dags. 19. febrúar 2025, þar sem óskað er eftir framlagi úr Jöfnunarsjóði.

Þann 1. október 2024 barst sveitarfélaginu erindi frá Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga þar sem fram kemur að rekstur sveitarfélagsins uppfylli ekki fjárhagsleg lágmarksviðmið laga eða EFS. Er sveitarfélagið hvatt til þess að leita leiða til að uppfylla lágmarksviðmið nefndarinnar og að hugað sé sérstaklega að því að fyrir árið 2026 verði lögfest lágmarksskilyrði sveitarstjórnarlaga uppfyllt.

Sveitarfélagið hefur óskað eftir tilboði í úttekt á rekstri sveitarfélagsins hjá HLH ráðgjöf sem hljóðar upp á 7,5 m.kr. Sótt er um á grundvelli 12. gr. reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga nr. 1088/2018 þar sem fram kemur að heimilt sé að greiða framlög úr Jöfnunarsjóði til sérstakra verkefna sem geti haft mikla þýðingu fyrir sveitarfélög og/eða leiða til hagræðingar í rekstri og þjónustu þeirra sbr. e. lið 7. gr. reglugerðarinnar.

Að umfjöllun lokinni ákvað nefndin að hafna erindinu.

6. Framlag vegna fjárhagserfiðleika - Sveitarfélagið Árborg

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 29. apríl 2025, vegna umsóknar sveitarfélagsins Árborgar um framlög úr Jöfnunarsjóði vegna fjárhagslegrar endurskipulagningar.

Sveitarfélagið hefur þegar fengið framlög úr Jöfnunarsjóði að fjárhæð 33.771.115 kr. á grundvelli samkomulagsins. Í nóvember 2024 óskaði sveitarfélagið eftir framlagi að fjárhæð 34.310.845 kr.

vegna ráðgjafakostnaðar sem féll til frá 2023 til október 2024 og í apríl 2025 óskaði sveitarfélagið eftir 8.438.599 kr. til viðbótar vegna ráðgjafar sem sveitarfélagið greiddi frá lok október 2024 fram í mars 2025. Samtals óskar sveitarfélagið því eftir framlagi að upphæð 42.749.444 kr.

Að umfjöllun lokinni ákvað nefndin að fela starfsmanni að fara yfir og greina kostnað er snýr að fjárhagslegri endurskipulagningu og leggja fram tillögu um framlag á næsta fundi ráðgjafarnefndar.

7. Beiðni um framlag vegna úttektar – Þingeyjarsveit

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi frá sveitarfélaginu Þingeyjarsveit, dags. 3. mars 2025. Óskar sveitarfélagið eftir framlagi vegna rekstrar- og faglegrar úttektar á skólum Þingeyjarsveitar.

Þingeyjarsveit varð til með sameiningu Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar árið 2022. Við þessa sameiningu varð til landmesta sveitarfélag á Íslandi með mjög dreifða þjónustu. Í erindinu kemur fram að með fámennum dreifðum skólum fylgi rekstrarlegar, faglegar og félagslegar áskoranir. Óskar því Þingeyjarsveit eftir stuðningi Jöfnunarsjóðs við gerð allsherjarúttektar á rekstri leik-, grunn- og tónlistarskóla í Þingeyjarsveit. Fengin hafa verið tilboð í verkið frá Háskólanum á Akureyri að fjárhæð 2.410.000 kr. og HLH ráðgjöf að fjárhæð 2.750.000 kr. Samtals óskar því Þingeyjarsveit eftir framlagi að fjárhæð 5.160.000 kr.

Sótt er um framlagið á grundvelli 2. liðar 8. greinar reglugerðar nr. 351/2002.

Að umfjöllun lokinni ákvað nefndin að samþykkja framlag að fjárhæð 2.750.000 kr.

8. Sérþarfir fatlaðra nemenda – 2. áætlun

Lögð var fram 2. áætlun framlaga vegna sérþarfa fatlaðra grunnskólabarna fyrir árið 2025.

Framlöggin eru reiknuð á grunni SIS-C mats allra barna á grunnskólaaldri utan Reykjavíkurborgar án sérstakra umsókna þar um. Reykjavíkurborg fær framlög í formi samnings um rekstur Klettaskóla. 891 barn er að baki áætluninni nú (utan Reykjavíkur) og nema framlögin í heild 3,5 ma. króna. Af þeirri fjárhæð renna tveir milljarðar til Reykjavíkurborgar en 1,5 ma. til annarra sveitarfélaga.

Að umfjöllun lokinni ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja áætlunina sem grundvöll greiðslna framlaganna fram að næstu áætlun. Reiknað er með að áætlunin verði næst tekin upp í september nk.

9. Framlög til SLF vegna Reykjadal

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi frá Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra (SLF), dags. 28. apríl 2025, þar sem óskað er eftir framlagi úr Jöfnunarsjóði vegna sumarbúðanna í Reykjadal.

Börn sem sækja Reykjadal búa víðs vegar um landið og koma frá um 30 sveitarfélögum, flest hafa þau miklar stuðningsþarfir og er aldrei minna en einn starfsmaður á hver tvö börn á vökutíma. Starfsemin krefst því mikils fjölda sumarstarfsmanna og starfa a.m.k. 50 starfsmenn á vöktum í Reykjadal. Slík starfsemi er afar kostnaðarsöm og óskar því SLF eftir áframhaldandi stuðningi úr Jöfnunarsjóði að fjárhæð 198,5 m.kr. á árinu 2025.

Að umfjöllun lokinni ákvað nefndin að samþykkja framlag til SLF að fjárhæð 198,5 m.kr. árið 2025.

10. Innra eftirlit – Skagafjörður

Tekin var til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn Skagafjarðar, dags. 7. apríl 2025, þar sem óskað er eftir framlagi til framkvæmda innra eftirlits í þjónustu við fatlað fólk.

GEV stofnaði til frumkvæðisathugunar á landsvísu á þjónustu við fullorðið fólk í íbúðakjörnum og herbergjasambýlum árið 2024 með skilafrest þann 1. febrúar 2025. Skagafjörður sem leiðandi sveitarfélag í þjónustu við fatlað fólk á Norðurlandi vestra er með verkefnistillögu að ráða á sérfræðinga til að gera úrbótaáætlun, vinna handbók fyrir lykilstjórnendur og starfsmenn, samræmingu milli starfsstöðva o.fl.

Óskar Skagafjörður eftir framlagi að fjárhæð 13,2 m.kr., markmiðið er að verkefnið geti einnig nýst öðrum sveitarfélögum. Sótt er um framlagið með vísan til 4. gr. reglugerðar um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk nr. 192/2023.

Hrund Pétursdóttir vék af fundi undir þessum lið.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að samþykkja að veita framlag til framkvæmdar innra eftirlits á rekstri þjónustu við fatlað fólk að hámarki 13,2 m.kr.

11. Innra eftirlit – Mosfellsbær

Tekin var til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn Mosfellsbæjar, dags. 30. apríl 2025 með vísan til fyrra erindis dags. 13. mars 2025. Óskað er eftir framlagi til rekstrargreiningar í málaflokki fatlaðs fólks og mun HLH ráðgjöf framkvæma greininguna.

Í erindi Mosfellsbæjar eru færð rök fyrir mikilvægi þess að leggja í sjálfstæða vinnu með rekstrarúttekt þessari. Taka þurfi viðtöl við stjórnendur, greina skipulag þjónustunnar, fara yfir útgjöld, greina mönnun og fjarvistir í sérstökum einingum Mosfellsbæjar.

Sótt er um framlag að hámarki 13,5 m.kr. á grundvelli 1. tölul. 4. gr. rgl. nr. 192/2023.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að samþykkja að veita framlag til framkvæmdar rekstrargreiningar í málaflokki fatlaðs fólks að hámarki 13,5 m.kr.

12. Framlög vegna óhagstæðra langtímaleigusamninga

Tekið var til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Hafnarfjarðar, dags. 18. mars 2025, varðandi óhagstæða langtímaleigusamninga og greiðslur úr Jöfnunarsjóði vegna þeirra.

Hafnarfjarðarbær er með leigusamning við Brynju hússjóð og verið er að fara í lagfæringar á einu húsnæðinu, í kjölfarið mun Brynja hækka leiguverðið til Hafnarfjarðar. Vildi sveitarfélagið með fyrirspurninni kanna hvort greiðslur til sveitarfélagsins vegna óhagstæðra langtímaleigusamninga væri til frambúðar og hvort að samningar sem falla úr gildi og eru endurnýjaðir, fái áfram framlög úr Jöfnunarsjóði. Samningar eru að renna út allt frá ágúst 2026 til júní 2033.

Ráðgjafarnefnd áréttar að gildandi fyrirkomulag vegna óhagstæðra langtímaleigusamninga verði ekki framlengt. Starfsmönnum er falið að senda hlutaðeigandi sveitarfélögum erindi þess efnis.

Önnur mál voru ekki tekin fyrir og fundi slitið kl. 11:33.

Guðmundur Baldvin Guðmundsson

Ásta Stefánsdóttir

Hrund Pétursdóttir

Dan Jens Brynjarsson

Hörður Hilmarsson

Friðjón Einarsson

Theódóra S. Þorsteinsdóttir